

Tillaga til þingsályktunar

um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að keyrt verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri–Hjalteyri–Hauganes–Árskógssandur–Dalvík–Ólafsfjörður.
2. Akureyri–Kristnes–Hrafnagil–Laugaland.
3. Akureyri–Svalbarðseyri–Laufás–Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

- Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
- Ungmennir sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
- Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
- Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
- Aðgerðin er orkusparandi.

Málið hefur verið kynnt embættismönnum í forsætisráðuneyti og á vegum héraðsnefndar Eyjafjarðar er unnið að greinargerð og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.